

Stjórnarfundur STEFs 4. október 2021

Fundargerð - útdráttur

Á skrifstofu STEFs að Laufásvegi 40 var haldinn fundur í stjórn STEFs mánudaginn 4. október 2021 og hófst hann kl. 11:00.

Fundarmenn: Bragi Valdimar Skúlason (formaður), Þórunn Gréta Sigurðardóttir, Sigurður Flosason, Hallur Ingólfsson, Hildur kristín Stefánsdóttir og Páll Ragnar Pálsson. Sigríður Thorlacius boðaði forföll og í hennar stað sat varamaður hennar fundinn, Óttarr Proppé. Að auki sat fundinn framkvæmdastjóri, Guðrún Björk.

Dagskrá fundarins var lögð fram. Þetta gerðist helst:

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 26. ágúst svo og útdráttur úr fundargerð voru lögð fram og samþykkt.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum var lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl:

- a. Samningur við Icelandair
- b. Samningur við Hörpu
- c. Bréf höfundaréttarsamtaka til stjórnmalaflokka

Undir þessum lið var sérstaklega rætt um s.k. „mentorprógram“ STEFs, *Vindur í seglum* og samþykkt að stefna á að endurtaka það haustið 2022 og síðan hugsanlega á tveggja ára fresti þar eftir.

Undir þessum lið var einnig rætt um mikilvægi lagahöfundabúða fyrir meðlimi STEFs, sem leið til að stækka markaðssvæði og auka tekjur. Er STEF opið fyrir samstarfi við slíkar lagahöfundabúðir, sérstaklega ef þær fela í sér alþjóðlegt samstarf.

Nokkuð var rætt um fækkun umsókna í *Upptökusjóð STEFs*, en umsóknir voru nú 47 talsins, en hafa verið vel yfir 100 á síðustu misserum. Ástæður fækkunar geta verið margþættar, en m.a. er nefnt að vegna samkomutakmarkana hafi margt tónlistarfólk, sem var búið að gefa út nýtt efni, ekki getað fylgt því eftir og því ekki farið af stað með nýja útgáfu. Einnig var nefnt að mikill fjöldi umsókna á síðasta ári og s.l. vor hafi verið ákveðin aftöppun og hreinlega minna af nýju efni til núna til upptöku. Í þriðja lagi var nefnt að þar sem styrkir væru ávallt bara lítill hluti kostnaðar við upptöku, þá hefðu áhrif faraldursins gert það að verkum að tónlistarfólk væri hreinlega ekki í stakk búið nú til að fjárfesta í nýjum útgáfum.

Þá var rætt um nauðsyn þess að STEF fjárfesti í s.k. CRM-kerfi (e. Customer Relationship Management), bæði fyrir viðskiptavinum og meðlimi. Eitt tilboð hefur borist STEFi í slíkt kerfi og er það upp á 2-3 milljónir, eftir því hversu mikil innleiðingarvinnan, þ.e.a.s. kennsla, fylgir kerfinu. Ákveðið er að STEF stefni að því að fjárfesta í slíku kerfi næsta haust eða vorið 2023, en hefji greiningarvinnu og skoðun á kostum mismunandi kerfa nú þegar.

3. Verðskrá fyrir „minor sync“ (tónsetningarleyfi fyrir smærri framleiðsluverkefni).

Verðskráin var samþykkt efnislega, en ákveðið að breyta heiti leyfisins í tónsetningarleyfi fyrir smærri verkefni. Í framhaldinu var ákveðið að reyna að stuðla að notkun orðsins „tónsetning“ yfir það þegar tónlist og myndefni er skeytt saman, fremur en að nota orðið „hljóðsetning“, sem nær yfir víðtækari samsetningu hljóðs og myndar. Verðskráin verður kynnt og sett inn á heimasíðu STEFs.

4. Breyting á verklagsreglum stjórnar Ferðasjóðs.

Lögð var fram tillaga frá stjórn Ferðasjóðs um að breyta verklagsreglum á þann hátt að bæta við eftirfarandi ákvæði:

„Umboðsmenn höfunda geta einnig sótt um styrki til ferða erlendis er tengjast beint tilteknum höfundi/höfundum, s.s. til að fylgja viðkomandi á tónleikaferð, á skipulagða tengslamyndunarfundi með fyrirtækjum í tónlistariðnaði eða á vegum viðurkenndra menningarsamtaka, enda séu þá rök færð fyrir því að ferðin muni geta aukið tekjur viðkomandi höfundar í gegnum STEF. Að hámarki getur sjóðurinn veitt 10% af hverri úthlutun í styrki sem þessa.“

Nokkur umræða var um þörfina á að útvíkka reglurnar með þessum hætti og að efla tónlistariðnaðinn á Íslandi með því að byggja upp sterkt bakland fyrir tónlistarfólk, en stjórnin sér nauðsyn þess að tónlistarfólk geti haft með sér umboðsmenn sína t.d. á tónlistarhátíðir til að efla tengslanet og vinna að bókunum. Engu að síður telur stjórnin að Ferðasjóður STEFs sé fyrst og fremst ætlaður höfundunum sjálfum. Mikilvægt sé að umsóknir frá umboðsmönnum geri það ekki að verkum að höfundarnir sjálfir fái ekki ferðastyrki. Var því ákveðið að setja hámark á veitingu styrkja af þessu tagi í 10% af úthlutunarfé hverju sinni. Auk þess var ákveðið að setja inn ákvæði þetta til reynslu í eitt ár og að endurskoða málið að því tímabili loknu.

5. Stefnuþingun stjórnar – undirbúningur.

Framkvæmdastjóri greindi frá fyrirhugaðri stefnuþingun stjórnar sem fara mun fram á Eyja hótél þann 11. október n.k. Sævar og Hildur frá KPMG munu halda utan um stefnuþingunina. Þá mun nefnd um endurskoðun úthlutunarreglna STEFs mæta á fundinn og greina frá vinnu nefndarinnar.

Í þessu sambandi greindi framkvæmdastjóri einnig frá nýliðinni stefnuþingun starfsfólks STEFs í Grindavík, en ákveðið var að bíða með að kynna stjórn niðurstöður hennar þar til eftir stefnuþingun stjórnar. Eftir það tekur við vinna við að sameina þetta tvennt í eina stefnu.

6. Endurreisn menningarlífs eftir Covid.

Rætt var um þær aðgerðir sem flest lönd í kringum okkur eru að fara í til endurreisnar menningarlífs eftir Covid, en ekkert bolar á sambærilegum aðgerðum hérlendis. Ákveðið var að kalla saman samráðshóps tónlistariðnaðarins og senda í framhaldinu enn eitt bókbréfið til ríkisstjórnarinnar.

Í þessu sambandi var einnig rætt um nauðsyn endurskiptingar listamannalauna, þannig að skiptingin milli listgreina endurspegli betur fjölda starfa í viðkomandi listgrein.

Bragi Valdimar gerði síðan grein fyrir endurvakningu *Samtaka um skapandi greinar*, sem ætlað er að vera samráðsvettvangur þeirra.

7. Önnur mál.

- a. Beiðni um styrk frá FTT vegna Norræns fundar NPU á Íslandi var lögð fram. Ákveðið er að veita styrk að fjárhæð kr. 600.000.

Ekki voru fleiri mál fram borin. Fundi var slitið kl. 13:05.